

Heilbrigðiseftirlit Vesturlands

Þorsteinn Narfason

Innrimel 3

301 Akranesi

13. júlí 2023

**Varðandi: Umsókn um starfsleyfi fyrir haugsetningu efnis úr inntakslóni Andakílsárvirkjunar**

Orka náttúrunnar fyrirhugar að ráðast í endurbætur á mannvirkjum við inntakslón Andakílsárvirkjunar sem og viðhaldi á lóninu sjálfu. Markmið verkefnisins er að tryggja framtíð virkjunarinnar með rekstur, öryggi og umhverfi í huga.

Framkvæmdin er tilkynningarskyld og hefur farið í ferli þar að lútandi sem lauk með ákvörðun Skipulagsstofnunar 1. júlí 2022. Í ákvörðuninni kemur fram að stofnunin telur að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Í ákvörðuninni kemur jafnframt fram, að haugsetning er háð starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Vesturlands vegna móttöku jarðefna og landmótunar, sbr. reglugerð nr. 550/2018, um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Með þessari umsókn er sótt um starfsleyfi fyrir haugsetningu efnis úr inntakslóni Andakílsárvirkjunar sbr. framangreint. Umsóknin samanstendur af greinargerð í samræmi við reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Vísað er í 6. gr. reglugerðarinnar, liði a.-k. í kaflanum „starfsleyfi“. Í greinargerðinni er á undan hverjum kafla listað upp með rauðu letri hvað skal fylgja umsókninni eins og það er orðað í liðum a-k í 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018.


## GREINARGERÐ Í SAMRÆMI VIÐ REGLUGERÐ NR. 550/2018

### a. *Lýsing á umfangi efnislosunar*

Framkvæmdirnar fela m.a. í sér uppgröft og haugsetningu á seti sem sest hefur til í lóni Andakílsárvirkjunar. Framkvæmdin er tilkynningarskyld þar sem áætlað er að fjarlægja á bilinu 70.000 (+/- 15.000 m<sup>3</sup>) af seti á yfir 2,5 ha svæði í landi Syðstu-Fossa (sjá mat Skipulagstofnunar á framkvæmd<sup>1</sup>) Uppgröftur og haugsetning eru hluti af endurbóta- og viðhaldsframkvæmd við Andakílsárvirkjunar sem ráðist verður í þegar öll tilskilin leyfi liggja fyrir.

### b. *Lýsing á tippsvæðum*

Gert er ráð fyrir að setið í lóninu verði flutt til haugsetningar á lítt gróin svæði. Hér að neðan er mynd (1) sem sýnir tippsvæðin, en þau eru fimm talsins. Samkomulag um haugsetningu á þessum svæðum hefur náðst við landeiganda Syðstu Fossa.



Mynd 1 Staðsetning tippsvæða í landi Syðstu-Fossa.

### c. *Mögulegar uppsprettur mengunar á framkvæmdatíma*

Á framkvæmdatíma verður akstur vörubíla með setefni úr inntakslóni um slóða í landi Syðstu-Foss (sjá mynd 1). Gerð verður krafa að allar vinnuvélar og tæki verða mengunarlekaskoðaðar og að mengunarvarnarsett verði til staðar.

### d. *Lýsing á staðháttum*

Andakílsá rennur úr Skorradalvatni og er stærsta vatnsfall í Skorradal. Áin líður bugðótt vestur um Andakíl, alls um 13-14 km leið, uns hún rennur í Borgarfjörð. Náttúrulegt

<sup>1</sup><https://www.skipulag.is/umhverfismat-framkvaemda/gagnagrunnur-umhverfismats/nr/1239#takm>

vatnsmagn árinna er um 6-8 m<sup>3</sup>/s, en því er stýrt annars vegar um miðlunarmannvirki við Skorradalsvatn sem stýrir rennsli frá Skorradalsvatni til Andakílsár og hins vegar um virkjunina sem stýrir hve miklu vatni er hleypt niður í Andakílsá neðan gljúfranna þar sem áður voru Andakílsárfossar. Vestan úr Skarðsheiði falla Kaldá, Hornsá og Álfsteinsá til norðurs í Andakílsá á milli Skorradalsvatns og virkjunarlóns. Setið í lóninu er komið frá þessum ám.

Nánari lýsingu á staðháttum má sjá í fyrirspurn um matsskyldu<sup>2</sup>.

***e. Eftir atvikum skal fylgja skýrsla um grunnástand***

Á ekki við.

***f. Lýsing á eðli og magni fyrirsjáanlegrar efnislosunar svo og áhrifum efnislosunar á umhverfið***

Framkvæmdin felur í sér uppgröft og haugsetningu á seti sem sest hefur til í lóni Andakílsárvirkjunar. Áætlað er að fjarlægja á bilinu 70.000 (+/- 15.000 m<sup>3</sup>) af seti á yfir 2,5 ha svæði í landi Syðstu-Fossa. Áður en efninu verður komið fyrir verður gróðurþekja á haugsetningarsvæðum fjarlægð, þar sem hún er til staðar, og henni haldið til haga. Með framkvæmdinni verður set inntakslónsins fjarlægt að hluta til, sem mun hafa áhrif á lífríki þess. Það efni sem ekki verður sett í námu verður komið fyrir á ógrónu og lítt grónu landi. Haugsetning, sem ekki verður í námu, mun hafa áhrif á gróðurvist, fuglalíf og ásýnd svæðisins. Þegar framkvæmdum lýkur verður fyrri gróðurþekja nýtt til frágangs, þar sem hún var fyrir og er talin æskileg og einnig verða svæði þar sem ekki var gróðurþekja fyrir grædd upp. Frágangur verður í samráði við landeigendur og verklag Orku náttúrunnar varðandi framkvæmdir á virkjanasvæðum.

***g. Lýsing á verklagi til þess að koma í veg fyrir mengun***

Verktakinn í verkinu á að gera grein fyrir því hvernig hann ætlar að bregðast við ef olía lekur af tækjum eða bifreiðum, fyrirbyggjandi viðhald o.s.frv. Eru þessi viðbrögð hluti af umhverfisáætlun sem að bjóðandi verður að hafa. Einnig eru upplýsingar um notkun á hættulegum efnum í téðri umhverfisáætlun. Það er hluti verkeftirlits að fylgja eftir umhverfisáætlun. Vinnuvélar þurfa að vera skoðaðar og mega ekki leka olíu. Verktaki þarf að gera áhættumat þar sem tekið er á öryggis- og umhverfisþáttum.

***h. Lýsing á fyrirbyggjandi ráðstöfunum, undirbúningi fyrir endurnotkun, endurvinnslu og endurheimt úrgangs sem myndast á framkvæmdatíma***

Umhverfisáætlun verktaka tekur til fyrirbyggjandi aðgerða sem meðal annars taka á endurvinnslu, endurheimt og förgun úrgangs á framkvæmdatíma.

---

<sup>2</sup><https://www.skipulag.is/media/attachments/Umhverfismat/1860/Framkv%C3%A6mdir%20%C3%AD%20og%20vi%C3%B0%201%C3%B3n%20Andak%C3%ADs%C3%A1rvirkjunar%20-%20Greinarger%C3%B0.pdf>

***i. Lýsing á frekari ráðstöfunum sem eru ráðgerðar til að fara að almennu meginreglunum um grundvallarskyldur rekstraraðila sem kveðið er á um í 11. gr.***

Sjá áður tilgreindar ráðstafanir.

***j. Lýsing á ráðstöfunum, sem eru ráðgerðar til draga úr áhrifum á umhverfi***

Efninu sem koma á fyrir á haugsetningarsvæðum í landi Syðstu-Fossa verður komið fyrir í samstarfi við landeiganda. Stefnt er að því að græða svæðin upp að haugsetningu lokinni að aðlaga svæðin að landslagi staðarins. Áhrif haugsetningar verða því varanleg, en mótun haugsetningarsvæða að landinu og endurheimt gróðurvistar mun draga úr þeim áhrifum. Hugsanleg neikvæð áhrif verða vöktuð.

***k. Lýsing á helstu valkostum, sem umsækjandinn hefur rannsakað, í stað úformaðrar tækni, aðferða og ráðstafana, í formi yfirlits***

Á ekki við.

## **SAMANTEKT, EKKI Á TÆKNIMÁLI**

Í samræmi við reglugerð nr. 550/2018, um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, sækir Orka náttúrunnar um starfsleyfi til að haugsetja efni vegna viðhalds á inntakslóni Andakílsárvirkjunar sem felst í uppmokstri á seti úr botni þess. Áætlað er að fjarlægja á bilinu 70.000 (+/- 15.000 m<sup>3</sup>) af seti á yfir 2,5 ha svæði.

Haugsetningin er fyrirhuguð á nokkrum svæðum í landi Syðstu-Fossa og verður unnin í nánú samráði við landeiganda. Haugsetningarsvæðin verða mótuð að landinu og gróðurvist endurheimt eftir fremsta megni.

Virðingarfyllt

F.h. Orku náttúrunnar

Atli Björn Levy

Verkefnastjóri hjá Orku náttúrunnar